

Hafnarfirði, 17. mars 2020

Mál nr. 1802033

Efni:

Umsögn Fræðsluráðs Hafnarfjarðar vegna Hrauns-Vestur að beiðni skipulags- og umhverfissviðs.

Í umræddu hverfi þar sem gert er ráð fyrir blandaðri íbúabygging er ljóst að tryggja verður rými fyrir bæði leik- og grunnskóla til framtíðar og aðgengi að þeirri grunnþjónustu tímabundið eða þar til hverfið í heild sinni byggist upp.


Fræðsluráð bendir á nokkra þætti í því sambandi. Engidalsskóli sem staðsettur er í nágrenninu, þó svo ekki í sama hverfi, hefur ákveðna stækkunarmöguleika bæði í formi viðbyggingar sem og með því að nýta rými sem leikskóli er staðsettur í í byggingunni. Engidalsskóli er í dag með kennslu fyrir 1-5 bekk og hefur hann bæði möguleika til að fjölga nemndum á því kennslustigi og/eða vera með kennslu að 10. bekk. Miðað við íbúapróun sem liggur fyrir er hugsanlega tækifæri til að nýta aðra skóla sem eru í nágrenninu, Lækjarskóla og Víðistaðaskóla fyrir framtíðaríbúa. Fræðsluráð telur að ekki sé þörf á að byggja nýjan skóla að svo stöddu en að mikilvægt sé að hugað sé að staðsetningu fyrir skóla á öllu Hraunasvæðinu og þá miðsvæðis með áherslu á að opið, grænt svæði sé umhverfis skólann með auðveldum aðgangi að íþrótt- og tómstundastafi.

Nokkrir leikskólar eru í nágrenni Hraun- vestur og er rými í leikskólunum rúmt miðað við íbúapróun og núverandi stöðu. Mikilvægt er þó að hugað sé að staðsetningu nýs leikskóla á svæðinu þó svo ekki sé sýnileg ástæða til að hefja byggingu hans á þessu stigi.

Fræðsluráð leggur áherslu á að allar umferðartengingar, bæði gangandi og hjólandi umferðar verði tryggðar og að tengingar séu öruggar og vel ígrundaðar með alla aldurshópa í huga, bæði innan hverfis sem og ekki síður milli skólahverfa og yfir Reykjavíkurveg. Í kafla 3.5.2. má að mati fræðsluráðs ávarpa með ákveðnari hætti að tryggt verði öruggar gönguleiðir við önnur aðliggjandi hverfi, eða til þeirra hverfa sem leik- eða grunnskólar eru nú þegar og flokkast ekki undir Hraunasvæðið

Þá leggur fræðsluráð áherslu á að leiksvæði og græn svæði séu á svæðinu og með góðu aðgengi til að tryggja möguleika íbúa til að stunda hreyfingu.

Fyrir hönd fræðsluráðs:



Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs

